

## GJALDSKRÁ

### fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Dalabyggð.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Dalabyggð og hreinsun rotþróa í Dalabyggð skv. gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 198/2004 um fráveitur í Dalabyggð.

#### 2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir einbýlishús	kr. 49.380	á hvert hús.	
Fyrir fjölbýlishús	kr. 16.460	á hverja íbúð.	
Fyrir annað húsnæði	kr. 70	á hvern m <sup>3</sup> í húsnæðinu að 4.000 m <sup>3</sup> .	
	kr. 20	á hvern m <sup>3</sup> > 4.000 m <sup>3</sup> .	

Ef um tvöfalt frárennislakerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

#### 3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,19% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

#### 4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi árlega:

<i>Stærð í lítrum</i>	<i>Rotþróargjald í kr.</i>	
0-2.000	6.840	
2.001-4.000	8.580	
4.001-6.000	9.770	
6.001-8.000	12.060	
8.001-10.000	15.960	
Rotþró > 10.000	4.560	pr. umfram rúmmetra.

Verð miðast við að hreinsibill þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra.

Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 2.720.

#### 5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 17. desember 2013 staðfestist hér með samkvæmt 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 156/2013.

*Búðardal, 19. desember 2013.*

**Sveinn Pálsson** sveitarstjóri.